

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar  
Sigríður Hrefna Pálsdóttir  
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi  
605 Akureyri

Reykjavík, 7.1.2022  
UST202112-228/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012 - 2024 - Glæsibær - íbúðarbyggð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hörgársveitar er barst 21. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012 – 2024 vegna íbúðarbyggðar í Glæsibær.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skógræktar- og landgræðslusvæði í gildandi aðalskipulagi breytist í íbúðarbyggð. Auk þess kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir blandaðri og lágreistri íbúðarbyggð fyrir 13 lóðir, með lágu nýtingarhlutfalli, aðstöðu til útivistar s.s. opnum rýmum, leiksvæðum, gönguleiðum, siglingum og sjóböðum.

#### **Þéttbýli**

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur